

80

25. maí

Undanrennuduft það, sem notað er í brauð og aðrar brauðgerðarvörur samkvæmt reglugerð þessari, skal fullnægja skilyrðum þeim um samsetningu og hreinleika, sem sett eru í reglugerð nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur.

6. gr.

Eftirlitsmaður sá, sem um getur í 3. tölulið 17. gr. reglugerðar nr. 136 frá 19. október 1946, um mjólk og mjólkurvörur, skal hafa eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé hlýtt. Eftirlitsmanni skal jafnan heimilt að taka sýnishorn af brauði eða brauðæfni til rannsóknar. Brauðgerðarmönnum er skylt að veita eftirlitsmanni allar þær upplýsingar um framleiðsluna, sem hann óskar og starf hans varðar, og skal honum jafnan heimilt að athuga viðskiptabækur brauðgerðarhúsa.

7. gr.

Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum frá 100 til 5000 króna, nema þyngri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 22 13. janúar 1938, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að fyrirskipa blöndun á þurrmjólk í brauð í brauðgerðarhúsum, og til þess að ákveða hámarksverð á brauði og þurrmjólk.

Reglugerðin öðlast gildi 1. júní 1949.

Landbúnaðarráðuneytið, 25. maí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

81

1. júní

REGLUGERÐ

fyrir veðmálastarfsemi í sambandi við kappreiðar Hestamannafélagsins „Fákur“ í Reykjavík.

1. gr.

Veðfjárupphæðir greinast í 5 kr., 10 kr., 25 kr. og 50 kr., sem greiðast veðmálastofnuninni gegn afhendingu veðmiða.

2. gr.

Veðjað er um, hver hestur verði hlutskarpastur í hverjum flokki, svo og í úrslitahlaupum.

3. gr.

Veðfjárupphæðum hvers hlaups skal skipt þannig:

- a. 80% skal skipt hlutfallslega á þá upphæð, sem veðjað hefur verið á þann hest, sem vinnur.
- b. Afganginum (20%) skal varið til reksturs kappreiðanna, til viðhalds og umhöta á skeiðvelli félagsins og til reiðveggar Reykvíkinga. Má tillag til reiðveggarins aldrei nema minna en 10% af hagnaði félagsins af veðmálastarfseminni.

4. gr.

Að loknu hverju hlaupi skulu veðmálin reiknuð út, útkoman auglýst og vinningar útborgaðir þegar í stað gegn framvísun veðmiða.

5. gr.

Engin upphæð verður endurgreidd af veðfé lögðu á hest, sem hleypur upp eða fer ekki af stað eða af öðrum ástæðum kemur ekki til greina samkvæmt kappreiðareglum félagsins.

6. gr.

Ef hlaup verður ógilt í heild, endurgreiðist veðfé að frádregnum 20%.

7. gr.

Vinningar útborgast aðeins í heilum krónum, og er ekki ábyrgt, að innskot fáiast að fullu aftur.

8. gr.

Þeir, sem veðja, eru í einu og öllu háðir kappreiðareglum félagsins og úrskurðum dómnefndar, t. d. missir hestur rétt til verðlauna, er knapi er dæmdur úr leik o. s. frv.

9. gr.

Veðmiðar verða ekki innleystir síðar en 1 klst. eftir síðasta hlaup og því aðeins, að þeir séu með læsilegum tölum.

10. gr.

Ungmenni innan 18 ára fá ekki að veðja.

11. gr.

Reglugerð þessi gengur í gildi 1. janúar 1949 og gildir til 5 ára.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 23 1945 og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 1. júní 1949.

F. h. r.

Gústav A. Jónasson.

Baldur Möller.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjóðinn „Kristjónugjöf“, útgefin á venjulegan hátt að mandatunum af dómsmálaráðherra 9. júní 1949.

Skipulagsskráin er þannig:

82

9. júní

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjóðinn Kristjónugjöf.

(Eign Kvennaskólans í Reykjavík.)

1. gr.

Sjóðurinn heitir Kristjónugjöf og er gefinn Kvennaskólanum í Reykjavík árið 1947 til minningar um frú Kristjónu Sveinbjarnardóttur, Ingibjörgu H. Bjarnason forstöðukonu og Maríu Jóhannsdóttur skáldkonu.

2. gr.

Sjóðurinn á að vera í vörzlu Nemendasambands Kvennaskólans í Reykjavík, er kys árlega 4 konur í úthlutunarnefnd, en forstöðukona skólans skal jafnan sjálf-